

Efudix krem



Mynd1. Efudix krem og umbúðir

Í þessu fræðsluefni eru upplýsingar um meðferð með kreminu Efudix, við hverju kremið er notað, hvernig það er notað og um algengustu aukaverkanir.

Efudix krem er ætlað til staðbundinnar meðferðar á húð. Kremið inniheldur virka efnið 5-fluouracil sem vinnur gegn forstigum (sem kallast gjarnan sólarskemmdir) og frumstigum vissra húðkrabbameina. Dæmi um slíkar breytingar eru geislunarhyrning (actinic keratosis), frumstig flöguþekjukrabbameins (Bowen's disease) og yfirborðslæg grunnfrumkrabbamein (superficial basal cell carcinoma). Lyfið er hvorki ætlað á fæðingabletti né sortuæxli.

Hvernig á að nota Efudix krem

Efudix er oftast borið á húð tvisvar á dag, að morgni og að kvöldi. Í undantekningartilfellum er kremið einungis notað einu sinni á dag. Áður en kremið er borið á húðina þarf að þvo hana með mildri sápu og vatni og þerra vel. Kremið má hvorki þynna né blanda með öðrum efnum.

Áður en meðferð hefst fer læknir eða hjúkrunarfræðingur nákvæmlega yfir þau húð-svæði sem bera þarf á og merkja þau inn á teikningu aftast í þessum leiðbeiningum. Kremið er ýmist borið á stakar húðbreytingar eða á stærra, samhangandi svæði. Ástæðan fyrir því er að byrjandi breytingar umhverfis forstigsbreytingar eru oft ekki sýnilegar með berum augum.

Ef húðbreytingar eru stakar hér og þar má meðhöndla mismunandi hluta líkamans á sama tíma. Séu húðbreytingar margar og þéttar er gott að byrja á einu líkamssvæði og taka svo annað svæði fyrir í næstu meðferðarlotu.

Hversu mikið á að nota af Efudix kremi?

Kremið er borið á með hreinum fingri eða hanska. Ef meðhöndla á allt andlitið eða sambærilega stórt svæði er skammtur krems á við fjórar grænar baunir (ein á enni, ein á hvora kinn og ein á höku).

Ekki á að setja umbúðir yfir kremið nema læknir ráðleggi það sérstaklega. Best er að kremið fái að þorna áður en farið er í fót eða upp í rúm.


Hendur eru þvegnar eftir að kremið hefur verið notað. Ekki má meðhöndla stærra svæði í einu en sem nemur 23x23 cm. Skammti má ekki breyta nema í samráði við lækni.

Ef gleymist að nota kremið á að sleppa því skipti og halda áfram samkvæmt áætlun. Aldrei má nota tvöfaldan skammt af Efudix kremi.


Hvaða húðbreytingum má búast við?

Meðan á meðferð stendur má búast við að húðin þar sem kremið er borið á verði rauð og ert. Það getur leitt af sér óþægindi og verki. Virkni kremsins felst í að eyðileggja sólarskemmdar húðfrumur (forstig og frumstig húðkrabbameins). Meðferðin veldur bólgu með roða, sárum og sárskorpum. Frá þessum breytingum getur vessað og stundum valda þær verkjum í húðinni. Þetta bólguviðbragð er jákvætt því það þýðir að meðferðin hafi tilætluð áhrif, sjá mynd 2.

Ef óþægindin eru mikil þarf stundum að nota sterakrem sem læknir ávísar til að draga úr bólgu og verkjalyf til að draga úr verkjum. Einstaka sinnum þarf að draga úr eða stöðva meðferðina.



Í meðferð



4 vikum eftir meðferð

Mynd 2. Húðbreytingar eftir notkun Efudix kreams.

Hversu lengi á að meðhöndla með Efudix kremi?

Þegar fullnægjandi bólguviðbragði í húðinni er náð er meðferð með Efudix hætt. Oftast kemur bólguviðbragðið fram eftir 3-4 vikur, en það getur þó tekið allt að 6 vikur. Að meðferð lokinni jafnar húðin sig og grær að mestu á 1-2 mánuðum. Þegar húðin hefur jafnað sig að fullu er árangur meðferðarinnar metinn og hún mögulega endurtekin.

Hvaða aukaverkanir geta fylgt meðferðinni?

Efudix krem er mjög ertandi og þarf að forðast að það komist í snertingu við augu, munn, nef og kynfæri. Aukaverkanir koma frekar fram ef of mikið er notað af kreminu eða ef það er borið á sprungur.

Ef eftirfarandi aukaverkana verður vart þarf að láta lækni vita:

- Magaverkir eða magakrampar
- Uppköst eða niðurgangur
- Sár eða bólgur í munni eða á tungu með eða án hita

Ef Efudix kremi er kyngt þarf strax að fara á bráðamóttöku sjúkrahúss.

Hvenær má ekki nota Efudix krem?

Meðferðin er ekki ætluð:

- Yngri en 18 ára
- Þeim sem eru með barn á brjósti
- Konum á barneignaraldri
- Öllum sem hygga á barneignir, óháð kyni.

Hvað þarf að varast

- Þegar Efudix kremið er á húðinni má hvorki reykja né vera nærri opnum eldi. Fatnaður og umbúðir sem komist hafa í snertingu við Efudix krem verða eldfim. Þvottur á fötum og rúmfatnaði minnkar uppsöfnun kremsins en fjarlægir það ekki fullkomlega.
- Mikilvægt er að láta lækni vita af öllum lyfjum sem tekin eru, því sum lyf auka eða minnka virkni Efudix kremsins.
- Ef unnið er utandyra ætti að meðhöndla þau húðsvæði sem ekki eru hulin með fatnaði í mánuðum þegar sól er lægst á lofti, það er í nóvember, desember og janúar.

Á að nota sólarvörn með Efudix kremi?

Sólarvörn er nauðsynleg. Í andlit þarf að nota sólarvörn sem verndar bæði gegn útfjólubláum A og útfjólubláum B geislum sólarinnar. Slík sólarvarnarkrem eru oftast merkt með „SPF“- stuðli og „UVA“ eða „broadband“. Stuðullinn þarf að vera 50 eða hærri. Borið er þykkt lag af sólarvörn á húðina og það endurtekið á tveggja klukkustunda fresti.

Nauðsynlegt er að nota áfram sólarvörn þegar meðferð lýkur og forðast sólböð til að draga úr líkum á frekari húðbreytingum. Mikilvægt er að hylja þá húð sem hægt er með fatnaði og nota sólhatt.

Dæmi um góða sólarvörn á íslenskum markaði fyrir andlit, bringu, háls og skalla eru „Actinica“, „La Roche Possey 50+“ og „Eucerin Actinic Control MD SPF 100“.

Má nota rakakrem á sama tíma?

Forðast þarf að nota rakakrem eða farða í 20 mínútur eftir að Efudix hefur verið borið á húðina. Varast þarf að nota farða á húðina ef hún er ert eða með opnum sárum.

Förgun

Afgangskremi er skilað í apótek til förgunar eftir að staðfest hefur verið að meðferð sé lokið.

Endurkomutímar

Hjá sérfræðingi á meðferðartíma: _____





Hjá sérfræðingi að meðferð lokinni: _____


Símanúmer

Göngudeild húð- og kynsjúkdóma LSH


sími 543 6350

Meðhöndla á merkt svæði samkvæmt mynd





Framan



Aftan